

Mál nr. 288/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sakarskipting. Gatnamót. Ökuhraði.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V, dags. 5. október 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 17. október 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að hinn 17. ágúst 2022 kl. 10.00 hafi verið tilkynnt um árekstur bifreiðanna A og B, sem báðar eru váttryggðar með ábyrgðartryggingu hjá V, á gatnamótum Geirsgötu og Lækjargötu í Reykjavík. Af upplýsingum úr skýrslunni, ljósmyndum í henni og framburði ökumanna þar má ráða að bifreið A var ekið í fyrirhugaða akstursstefnu beint áfram gegn grænu umferðarljósi yfir fyrrnefnd gatnamót þegar bifreið B, sem ekið var úr gagnstæðri átt, var ekið í vinstri beygju í veg fyrir bifreið A. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að farþegi í bifreið B þar um að bifreið A hafi „...komið mjög hratt og ekið í hliðina á bifreiðinni“ (B). Einnig er tilgreindur í lögregluskýrslunni framburður vitnis sem var staddur á fyrrnefndum gatnamótum og taldi hann að bifreið A hafi verið ekið á um 70 km hraða. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir skýrsla Aðstoðar&Öryggis dags. 22. ágúst 2022, sem V aflaði einhliða, um ætlaðan ökuhraða bifreiða A og B í aðdraganda áreksturs.

M (ökumaður bifreiðar A) telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi svínað fyrir bifreið A á miklum hraða og að það sé skýrt og alvarlegt brot á umferðarlögum. M telur auk þessa að líta eigi framhjá skýrslu um ætlaðan ökuhraða þar sem forsendur hennar séu ekki tækar, auk þess sem um sé að ræða sönnunargagn sem einhliða sé aflað og hafi því ekki sönnunargildi skv. dómaframkvæmd. Einnig vísar M til þess að ákoma á bifreið hans hafi komið á viðkvæmasta hluta hennar og hafi því ekki úrslitaáhrif við mat á hraða bifreiðar A.

V tekur ekki sérstaka afstöðu til sakarskiptingar en vísar til lögregluskýrslu, hraðaútreiknings og niðurstöðu Tjónanefndar í málinu.

Álit.

Í málinu liggur skýrt fyrir í lögregluskýrslu að bifreið B ók til vinstri á gatnamótum í veg fyrir bifreið A og fór ökumaður bifreiðar B því gegn fyrirmælum 7. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og ber hann því meginsök á árekstrinum Í 1 mgr. 36. gr. sömu laga kemur fram að ökuhraða skuli jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra og skv. c. lið 2. mgr. 36. gr. sömu laga hvílir sérstök skylda á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður við vegamót. Í framburði vitnis í lögregluskýrslu kemur skýrlega fram að vitnið telur að bifreið A hafi verið ekið hratt, eða á 70 km/klst hraða. Þegar tekið er mið af þeim framburði og framburði ökumanns bifreiðar A (M) í lögregluskýrslu um að hann viti ekki hversu hratt hann ók, sem og myndir af ákomum á bifreiðunum telst sannað að M hafi ekið bifreið A of hratt miðað við aðstæður og hafi það áhrif á sakarmat þannig að ökumaður bifreiðar B beri 3/4 hluta sakar en M, sem ökumaður bifreiðar A, 1/4 hluta sakar.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar B beri 3/4 hluta sakar og ökumaður bifreiðar A beri 1/4 hluta sakar.

Reykjavík, 8. nóvember 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir